

2 standi ekki í lyfjaskránni, en af því leiðir aftur, að samkvæmt 2. grein áfengis-
21. jan. bannlaganna má ekki flytja nefnd vín inn, nema lyfjaskránni sje breytt, eða
gefinn sje út viðauki við hana, eða þá samín ný íslensk lyfjaskrá. Það sem um
er að ræða við útkomu þessarar nýju lyfsöluskrár, er aðeins rjettur skilningur
lyfjaskrárinnar eins og hún nú liggur fyrir, en engin afstaða er þarmed tekin
til þeirrar spurningar, sem lækna greinir á um, hvort fleiri eða færri vín sje
naúðsynleg til lækninga, eða hvort hins vegar sje rjett að afmá vín með öllu
úr lyfjaskránni.

3 **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á svinum**
9. febr. frá Danmörku.

Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá kjötkaupmanni M. Frederiksen og
Niels Petersen frá Viðey hjer í bænum um, að þeim verði leyft að flytja hingað
til Reykjavíkur lifandi svín frá Danmörku í því skyni að fita þau hjer og slátra
þeim síðan.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál hefir
stjórnarráðið, samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóvember 1905, sbr. lög nr. 25,
9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

1. að svinin verði flutt hingað til Reykjavíkur beint frá Danmörku, án þess að
koma nokkursstaðar í land á leiðinni,
2. að svinunum fylgi vottorð lögskipaðs dýralæknis í Danmörku um það, að
þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út, og að þau hafi
ekki síðasta mánuðinn þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og
Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«, og
3. að svinin verði skoðuð hjer af dýralækni og haldið undir hans umsjón ein-
angruðum frá öðrum dýrum.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermed til vitundar gefið til leiðbeiningar.

4 **Brjef stjórnarráðsins til biskups um þjóðkirkjugjaldskyldu þeirra innflytjenda**
10. febr. í prestakall, er sagt hafa sig inn í utanþjóðkirkjusöfnuð eftir fardagaársbyrjun.

Með brjefi, dags. 27. f. m., hafði þjer, háæruverðugi herra, sent hingað
erindi sóknarprestsins að Görðum á Álftanesi og sóknarnefndar Garða- eða nú
Hafnafjardarsóknar, dags. 16. s. m., innihaldandi eftirfarandi spurningar:

1. Er eigi hver þjóðkirkjumeðlimur, sem inn í sóknir Garða og Bessastada flytur
eftir 6. júní ár hvet, gjaldskyldur til þjóðkirkjunnar og prestlaunasjóds, sem
og til sóknarprests þjóðkirkjusafnaðar, að því er borgun fyrir aukaverk
snertir, það fardagaár, sem yfir stendur fram til næstkomandi 6. júní, enda
þótt hann segi sig úr þjóðkirkjunni einhverntíma á umræddu fardagaári.

2. Gildir eigi eitt og hið sama þá, sem hingað inn kunna að flytja úr einhverjum utanþjóðkirkjusöfnuði annarstaðar á landinu. Eru eigi allir innflytjendur hingað sem sjálfvaldir meðlimir þjóðkirkjunnar uns þeir segja sig úr skriflega, og þá gjaldskyldir þjóðkirkju og presti hennar fram til næstu fardaga, nema hafi þeir komið og sagt sig úr fyrir 6. júní á innflutningsárinu. 4
10. febr.
3. Ber eigi að færa umrædda menn ásamt skylduliði þeirra í manntalsgjörð þjóðkirkju við áramót oftnefnds innflutningsárs þeirra.

Þessum fyrirspurnum svarast þannig:

ad. 1—2. Þessum spurningum ber að svara játandi, sbr. brjef stjórnarráðsins 28. maí 1910, Stj.tíð. 1910, B. bls. 105. Þó virðist rjett að sú tilhliðrun sje gerð, meðan sami maðurinn er forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðanna í Rvík og Hafnarfirði, að utanþjóðkirkjumadur, er flyst úr frikirkjusöfnuði Rvíkur til Hafnarfjarðar eða úr frikirkjusöfnuði Hafnarfjarðar til Reykjavíkur, skuli vera laus við greiðslu til þjóðkirkjunnar þegar á fyrsta ári dvalar sinnar, ef hann í síðasta lagi fyrir lok nóvembermánaðar skýrir hlutadeigandi sóknarpresti frá því að hann hafi gerst meðlimur utanþjóðkirkjusafnaðarins á hinum nýja stað.

ad. 3. Það er sjálfgefið að innflytjendur, sem þjóðkirkjan helgar sjer innflutningsárið, færast í manntalsgjörð þjóðkirkjunnar.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóðnum í Ólafsfirði. 5
10. mars

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðsins í Ólafsfirði vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði Hofshrepps. 6
10. mars

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnendum sparisjóðs Hofshrepps vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja